

SAMÞYKKTIR FYRIR
BYGGÐASAMLAGIÐ
SORPSTÖÐ RANGÁRVALLASÝSLU.

1. gr.

Félagið er byggðasamlag og heitir Sorpstöð Rangárvallasýslu. Varnarþing er í Rangárvallasýslu. Starfsstöð er að Strönd í Rangárvallahreppi eða annarsstaðar eftir ákvörðun samlagsins hverju sinni.

2. gr.

Sorpstöðin er sjálfseignarstofnun. Aðild að því eiga sveitarfélög í Rangárvallasýslu, sbr. stofnsamning og önnur sveitarfélög eftir ákvörðun framkvæmdastjórnar byggðasamlagsins hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er: Að samræma og annast sorphirðu á starfssvæði samlagsins í Rangárvallasýslu, að annast sorpeyðingu og hafa umsjón með förgun sorps. Starfssvæði stöðvarinnar takmarkast hverju sinni af því svæði sem byggðasamlagið ákveður. Byggðasamlagið getur falið verktökum að annast framkvæmdir fyrir sína hönd og samið um gjaldtöku þess vegna.

4. gr.

Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er í höndum eignaraðila, sem kjósa sér þriggja manna framkvæmdastjórn og þrjá til vara.

5. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

6. gr.

Hvert aðildarsveitarfélag á rétt á, að eiga einn fulltrúa á fundum samlagsins og hefur hver eitt atkvæði.

7. gr.

Tillögur um breytingar á samþykktum samlagsins skulu berast stjórn þess í síðasta lagi þremur sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögunum tillöguna bréflaga með sama fyrirvara.

8. gr.

Ákvarðanir aðalfundar og annarra funda í samlaginu, löglega til boðaðra, eru bindandi ef einfaldur meirihluti fulltrúa eigenda samþykkir að undanteknum ákvörðunum skv. 10. gr. Samþykktum samlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæðamagns á fundi. Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar og ársreikningar.
2. Ákvörðun um gjaldskrá fyrir aðildarsveitarfélög.
3. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins, ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 7. gr.
4. Kosning þriggja manna í framkvæmdastjórn og þriggja til vara.
5. Kosning tveggja endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Aðalfund skal boða með dagskrá. Alla fulltrúafundi þ.m.t. aðalfund, skal boða með a.m.k. 10 daga fyrirvara með bréfi.

9. gr.

Hlutverk framkvæmdastjórnar er að annast rekstur stöðvarinnar. Stjórnin getur falið öðrum að annast daglegan rekstur stöðvarinnar fyrir sína hönd.

10. gr.

Til að slíta samlaginu þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta allra eigenda í því á löglega boðuðum fundi. Við slit samlagsins ganga eignir þess og/eða skuldir til eignaraðila.

11. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi á stofnfundi samlagsins.

Samþykkt á fundi A-Land 27. maí 1993.

J. H. Hoalbertson
Heiðurinn Sællaga

J. H. Jónsson Landeyggja

Ólafur Sveinsson
J. H. Halldórsson

Steinn Þorsteinsson
J. H. Björnsson

Páll Guðbjörnsson



J. H. Jónsson Landeyggja
Magnús Þinn Einarsson
J. H. Halldórsson

Jónas Jónsson